

# **Kjarasamningur**

**milli**

**Samtaka atvinnulífsins**

**og**

**Eflingar – stéttarfélags og**

**Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis**

**vegna öryggisvarða hjá Securitas hf**

**Gildir frá 1. febrúar 2008 – 30. nóvember 2010**

Samningur þessi er hluti af aðalkjarsamningi aðila og hefur sama gildistíma.

---

## I.kafli Gildissvið

---

- 1.1. Samningurinn tekur til öryggis- og næturvörslu og tengdra starfa. Þó ekki til ræstingarstarfa samfara gæslu, nema um það verði samkomulag við hlutaðeigandi starfsmann og Eflingar - stéttarfélag.
- 1.2. Félagsmenn Eflingar - stéttarfélags skulu hafa forgangsrétt til gæslustarfa samkvæmt samningi þessum.
- 1.3. Lausar stöður í gæsludeild skal að öllu jöfnu auglýsa innanhúss hjá fyrirtækinu.

---

## 2. kafli Um vinnutíma

---

- 2.1. Föst laun hvers öryggisvarðar í fullu starfi samkvæmt samningi þessum svara til þess að hann starfi 173,3 klst. á mánuði.
- 2.2. Vaktskrá skal að jafnaði miðuð við vinnutíma sbr. gr. 2.1.  
Vaktskrá skal skipulögð tvo mánuði fram í tímann í senn og liggja frammi í stjórnstöð og í staðbundinni gæslu með a.m.k. 8 daga fyrirvara. Í vaktskrá skulu tilnefndar vaktir hvers starfsmanns og fastur vinnutími hans fyrir vakt tímabilið. Vaktir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 12 klst. í senn, nema samkomulag verði um það við viðkomandi starfsmenn. Breytingar á reglubundnum vöktum skulu ekki gerðar nema að höfðu samráði við trúnaðarmenn og með a.m.k. 8 daga fyrirvara.
- 2.3. Matar- og kaffitímar  
Staðbundin gæsla: Matartími öryggisvarða í staðbundinni gæslu skal vera hálf klukkustund á hverri vakt og telst hann til vinnutíma. Á hverri 5-8 klst. vakt skal auk þess gera ráð fyrir einum 20 mín. kaffitíma, en séu vaktir lengri komi tveir kaffitímar 20 mín. hvor. Kaffitímar teljast til vinnutíma. Matar- og kaffitímar skulu teknir með tilliti til aðstæðna hverju sinni.  
Farandgæsla: Matartími í farandgæslu skal vera 35 mín. á hverri vakt. Á hverri 12 klst. vakt skal auk þess vera eitt 35 mín. neyslulé. Matar- og kaffitímar teljast til vinnutíma og skulu þeir teknir með tilliti til aðstæðna. Geti öryggisvörður ekki, vegna almennt afbrigðilegra aðstæðna svo sem óveður, ófærð, rafmagnsleysi o.þ.h., tekið neyslulé skal hann fá það greitt sérstaklega.
- 2.4. Stórhátíðavinna er á:
  1. Nýársdag
  2. Föstudagurinn langa

3. Páskadag
  4. Hvítasunnudag
  5. 17. júní
  6. Jóladag
  7. Aðfangadag jóla eftir kl. 12:00
  8. Gamlársdag eftir kl. 12:00
- 2.5. Sé kallað til vinnu utan vinnutíma skv. vaktskrá, skal greiðsla fyrir útkall vera 4 klst. hið minnsta eða þann tíma sem vaktað er, enda séu liðnar 2 klst. eða meira frá því að vakt lauk eða hún skal byrja. Að öðrum kosti skal öryggisvörður halda kaupi svo sem um samfelldan tíma hafi verið að ræða.
- 2.6. Fundarhöld sem fyrirtækið boðar til í beinu framhaldi af vinnutíma starfsmanna skulu greidd sem yfirvinna en fundarhöld utan vinnu- og hvíldartíma greiðast án yfirvinnuálags.
- 2.7. Hafi starfsmaður vegna yfirvinnu í framhaldi af vakt sinni ekki fengið 8 klst. hvíld fyrir upphaf næstu vaktar á hann rétt á því að fá greidda yfirvinnu fyrir unninn tíma á næstu vakt auk fastra dagvinnulauna. Heimilt er þó að hvíla mann inn á vakt sína til að uppfylla ákvæði um lágmarkshvíld en þá án skerðingar á launum fyrir viðkomandi vakt.
- 2.8. Þurfi fyrirtækið að ónáða starfsmann innan átta klst. frá því að næturvakt hans lauk, vegna atriða er fram komu á vaktinni, skal greitt fyrir það sem svarar til einnar vinnustundar.

---

## 3. kafli Um laun

---

- 3.1. Laun starfsmanna eru miðuð við vinnutíma utan marka dagvinnutímabils og skulu vera eftirfarandi frá og með undirskrift.
- Um mánaðarlaun með námskeiðsálagi fer skv. eftirfarandi launaflokkaröðun:
- 3.1.1. Staðbundin gæsla: Launaflokkur 6
- 3.1.2. Farandgæsla: Launaflokkur 7
- 3.1.3. Verðmætaflutningar: Launaflokkur 10
- 3.1.4. Starfsmenn sem ráðnir eru til vaktstjórastarfa fá sérstaka greiðslu, sem tilgreind er í ráðningarsamningi, fyrir þá auknu ábyrgð og önnur störf sem fylgja vaktstjórastarfinu. Við ákvörðun launa er sérstaklega litið til ábyrgðar og umfangs starfsins.
- 3.1.5. Vinna á vöktum sem fellur utan tímamarkanna kl. 8:00 – 17:00 mánudaga til föstudaga greiðist með vaktaálagi. Fyrir

vinnu á tímabilinu 17:00 – 24:00 mánudaga til föstudaga greiðist 33% álag á dagvinnukaup. Fyrir vinnu á tímabilinu 24:00 – 8:00, svo og á laugardögum og sunnudögum greiðist 45% álag á dagvinnukaup.

- 3.1.6. Við ákvörðun á starfsaldri skal taka tillit til starfstíma við hliðstæð störf, þó þannig að slíkur starfsaldur verði að hámarki fimm ár.
- 3.2. Á gildistíma samningsins taki laun breytingum skv. aðalsamningi aðila.
- 3.3. Vaktir sem starfsmenn taka að sér utan vaktskrár, greiðast sem yfirvinna.
- 3.4. Yfirvinna greiðist með tímakaupi sem samsvarar 80% álagi á dagvinnutímakaup, þ.e. með 1,0385% af mánaðalaunum fyrir dagvinnu.
- 3.5. Vinna á stórhátíðardögum, sbr. gr. 2.4. greiðist með tímakaupi, sem er 1,375% af mánaðalaunum fyrir dagvinnu.
- 3.6. Vinnulaun skal leggja inn á reikning í banka skv. ósk starfsmanns, eigi síðar en á hádegi síðasta dag hvers mánaðar. Útreikningstímabil yfirvinnu utan fastra vakta er frá 21. degi mánaðar til 20. dags mánaðar. Yfirvinnu þessa skal greiða samtímis föstum launum síðasta virkan dag mánaðarins.
- 3.7. Launaseðlar fylgja launagreiðslum. Á þeim verði greiðslan sundurliðuð, s.s. í dagvinnu, yfirvinnu og helgidagavinnu, einnig verði allur frádráttur sundurliðuður. Orlof verði sundurliðuð milli dagvinnu og yfirvinnu. Á launaseðli skal einnig tilgreina starfsheiti.
- 3.8. Öryggisverðir sem starfað hafa 6 mánuði hjá fyrirtækinu skulu sækja námskeið sem fyrirtækið stendur fyrir og ákveður námsefni á og miðar að því að gera starfsmenn hæfari í starfi. Starfsmenn sem sækja endurmenntunarnámskeið á vegum fyrirtækisins skulu fá greidd laun meðan á námskeiðinu stendur.

---

## 4. kafli Um mat og ferðir

---

- 4.1. Mataraðstaða skal vera fyrir hendi í kaffistofu fyrirtækisins. Þar skal vera m.a borðbúnaður, ísskápur, örbylgjuofn og kaffivél.
- 4.1.1. Securitas tryggir öryggisvörðum í föstum verkefnum í staðbundinni gæslu, aðgang að borðbúnaði, örbylgjuofni og kaffivél, sé föst viðvera þeirra 5 klst. eða lengri hver vakt. Í sérverkefnum sem standa um tiltekinn ákveðinn tíma leitast Securitas við að tryggja aðgang að sama búnaði, að uppfylltum sömu skilyrðum.
- 4.1.2. Taki fyrirtækið að sér skammtímaverkefni eða ný fasta-verkefni þar sem fastrar viðveru öryggisvarða er krafist sér

Securitas til þess að öryggisvörður hafi afnot af þeirri aðstöðu sem getið er í lið 4.1. eða leggi sjálf til nauðsynlegan útbúnað sbr. lið 4.1.1.

- 4.2. Í staðbundinni gæslu sem að jafnaði fer fram utan leiðarkerfis almenningsvagna á félagssvæði Eflingar - stéttarfélags skal greitt fæðisgjald fyrir eina máltíð eða ein máltíð lögð fram pr./vakt skv. samningi Eflingar – stéttarfélags og SA, ef vakt nær 8 klst.
- 4.3. Aksturskostnaður. Noti öryggisvörður eigin bifreið við störf sín að ósk fyrirtækisins, skal greiða fyrir þá notkun samkvæmt reglum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Heimilt er að semja um fasta krónutölu pr. ferð, er miðist við afmörkuð svæði og byggist á ofangreindu kílómetragjaldi. Starfsmanni er skylt að færa akstursbók er tilgreini fjölda ferða og/eða ekna kílómetra til útreiknings gjaldinu ef vinnuveitandi óskar.

---

## 5. kafli Um fatnað

---

- 5.1. Securitas sér starfsmönnum fyrir vinnufatnaði þeim að kostnaðarlausu. Hann samanstendur af skyrtu, bindi, jakka og buxum. Einnig hafa starfsmenn aðgang að flíspeysju, samfestingi og öðrum hlífðarfatnaði eftir því sem við á í hverju tilviki, ásamt belti og hönskum fyrir öryggisverði í farandgæslu. Skal fatnaðurinn vera hreinn og óskemmdur við afhendingu. Fatnaðurinn telst vera eign vinnuveitanda.

Eftir 6 mánaða starf á starfsfólk rétt á vinnuskóm, þó aldrei meira en eitt par á ári. Notuðum skóm skal skila til fyrirtækisins þegar nýir eru afhentir. Kaupi starfsmaður skó á eigin kostnað fyrstu 6 mánuðina í starfi á hann rétt á endurgreiðslu eftir 6 mánaða starf. Endurgreiðslan miðast við kostnaðarramma fyrirtækisins vegna skókaupa á hverjum tíma.

Óheimilt er að nota vinnufatnað og vinnuskó utan vinnutíma.

Við starfslok er gert ráð fyrir að starfsmenn skili vinnufatnaði, skilríkjum og öðrum búnaði sem þeir hafa fengið úthlutað, um leið og launauppgjör er afhent á skrifstofum fyrirtækisins.

---

## 6. kafli Um ráðningu og uppsagnarfrest

---

- 6.1. Við fastráðningu skal gera skriflegan ráðningarsamning í tvíriti milli hvers starfsmanns og fyrirtækisins. Skal starfsmaður halda öðru eintakinu. Í ráðningarsamningi skal tilgreina ráðningarkjör, starfssvið og starfshlutfall.
- 6.2. Ráðningartími skal hefjast með 2ja mán. reynslutíma. Að þeim tíma liðnum skal starfsmanni gefinn kostur á fastráðningu. Á reynslutíma skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera tvær vikur. Næstu 10 mánuði skal uppsagnarfrestur vera 1

mánuður. Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. lögum nr. 19/1979.

- 6.3. Áunnin réttindi launþega skulu haldast við endurráðningu innan eins árs. Á sama hátt skulu áunnin réttindi taka gildi á ný eftir eins mánaðar starf ef endurráðning verður eftir meira en eitt ár, en innan þriggja ára.
- 6.3.1. Verkamaður sem unnið hefur eitt ár eða lengur samfelld hjá fyrirtækinu skal njóta áunninna réttinda á ný eftir þriggja mánaða starf ef til endurráðningar kemur eftir meira en þriggja ára starfshlé en þó innan 5 ára.

---

## 7. kafli Starfsþjálfun

---

- 7.1. Áður en starfsmaður fer í þjálfun í væntanlegt starf í fyrirtækinu, skal fyrirtækið vera búð að halda grunnnámskeið fyrir hinn nýja starfsmann. Þar skal m.a. farið yfir starfsreglur og starfsskyldur öryggisvarða. Einnig skal afhenda starfsmanni sérsamning um starf þeirra. Þetta námskeið getur styst orðið 4 klst. Starfsmaður sem þjálfar byrjanda í starfi skal fá greitt 10% álag meðan á þjálfun stendur.
- 7.2. Við upphaf starfstíma skulu starfsmenn njóta starfsþjálfunar í allt að 40 klst. í farandgæslu, og alltað 24 klst. í staðbundinni gæslu.

---

## 8. kafli Orlof og aukafríðagar

---

- 8.1. Sumarorlof skal fara eftir ákvæðum hins almenna kjarasamnings og lögum um orlof.
- 8.2. Þegar starfsamaður fer í orlof, skal hann fá skriflegar upplýsingar um hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu og skal þá að jafnaði miðað við að vaktaskrá haldist óbreytt.
- 8.3. Starfsmenn skulu að auki fá 48, 84 eða 96 klst. frí að vetri miðað við fullt starf, en hlutfallslega sé um hlutastarf að ræða. 96 klst. vetrarorlofs njóta aðeins þeir starfsmenn sem starfað hafa í fyrirtækinu sex ár eða lengur. 84 klst. þeir starfsmenn sem starfað hafa þar í fjögur ár en 48 klst. þeir starfsmenn sem starfað hafa þar í tvö ár. Hafa skal samráð við hlutað-eigandi starfsmann um úttekt frídaga.

---

## 9. kafli Veikindalaun og slysa- og/eða dánarbætur

---

- 9.1. Greiðslur í veikinda- og slysatilfellum verði samkvæmt hinum almenna samningi aðila og landslögum.

- 9.2. Vátryggingafjárhæðir atvinnuslysatrygginga verði 50% hærri við öryggisgæslu en skv. hinum almenna samningi.
- 9.3. Securitas skal tryggja starfsmenn sína sem verða fyrir tjóni vegna líkamsárásar í vinnu.

---

## 10. kafli Trúnaðarmenn

---

- 10.1. Öryggisvörðum er heimilt að kjósa sér eftirfarandi trúnaðarmenn: Einn vegna farandgæslu, einn vegna staðbundinnar gæslu og einn vegna gæslu í Kringlu. Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið er miðar að því að gera þá hæfari í starfi. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnulaunum í 8 klst. á dag í allt að 5 daga á ári, skv. taxta hvers og eins, hvort sem námskeið eru haldin í vaktaviku trúnaðarmanns eða utan. Aðeins einn trúnaðarmaður sækir námskeið í senn.

---

## 11. kafli Gildistími

---

- 11.1. Samningur þessi gildir frá 1. febrúar 2008 og er gildistími hans að öðru leyti svo og uppsagnarfrestur sá sami og hins almenna samnings aðila.
- 11.2. Að öðru leyti gilda ákvæði hins almenna samnings aðila.

---

## BÓKUN I [1995]

### Starfssvið öryggisvarða

---

Tekur til almenns fyrirbyggjandi eftirlits með ástandi rekstrar og öryggisbúnaðar, mannaferðum, almennum frágangi og hvers konar áhættuþáttum, ásamt viðbragshlutverki ef eitthvað ber út af í öryggislegu tilliti eða boð berast frá öryggiskerfum eða neyðarhnöppum.

Þá hafa öryggisverðir hlutverki að gegna í almennri hagsmunagæslu fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins við verðmætaflutninga, viðhorfskannanir, símsvörun, aðgangsstjórnun, upplýsingamiðlun, vopnaleyti og önnur tengd störf sem nauðsynleg eru til þess að tryggja eðlilega starfsemi.

Tengd störf skulu þó ekki spanna svo stóran hluta starfstíma öryggisvarðar að það bitni verulega á yfirsýn hans við öryggis- og eignarvörslu, sem er megin hlutverk hans.

---

## BÓKUN II [1995 og 2004]

### Mat á vinnuálagi

---

Innan fyrirtækisins skal starfa fjögurra manna nefnd. Skulu starfsmenn tilnefna tvo menn og fyrirtækið tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að meta vinnuálag í starfi öryggisvarða og breytingar þar á og gera tillögur til framkvæmdastjóra um úrbætur.

Álagsnefnd skoði m.a. umfang truflunar í matar og kaffitíma öryggisvarða á stjórnstöð, farandgæslu og í Kringlu. Leitað verði leiða til þess að tryggja sem minnsta truflun og skulu gerðar tillögur fyrir 1. maí ár hvert.

---

## Bókun III [1995 og 2004]

---

Fyrir vaktaskipti í Kringlu, farandgæslu og sendiráðum skulu greiddar 20 mínútur á vaktstóra í samverutíma. Ef fyrirhugaðar eru breytingar á þessum tíma skal aðlögunartíminn vera einn mánuður.

---

## Samkomulag I [1997]

---

Það er sameiginleg afstaða samningsaðila að öryggisfyrirtæki hafi mikla sérstöðu meðal atvinnugreina og sé viðkvæm fyrir vinnudeilum. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um vinnustöðvanir, verkföll og verkbönn, og halda gildi sínu þrátt fyrir uppsögn samnings, uns nýr samningur hefur verið gerður:

Komi til uppsagnar á samningum, skal farið að lögum nr. 75/1996 um stéttarfélag og vinnudeilur. Framkvæmd vinnustöðvunar skal þó vera þannig, að komið verði svo sem frekast er unnt í veg fyrir að öryggi viðskiptavina hlutaðeigandi fyrirtækis verði stefnt í voða.



Mun Efling – stéttarfélag í því skyni, ef til vinnustöðvunar kemur, veita hlutað-eigandi fyrirtækjum leyfi fyrir þeim mannafla, sem að dómi Eflingar og að fengnu áliti Samtaka atvinnulífsins þarf til að lágmarks öryggisþjónustu verði haldið uppi. Aldrei skal falla niður starfsemi í stjórnstöð fyrirtækisins. Í tengslum við hana skulu vera allt að fjórir bílar til neyðarþjónustu sem eingöngu sinna neyðarþjónustu. Einnig skal aldrei falla niður gæsla á viðkvæmum stöðum staðbundinnar gæslu s.s. peningastofnunum. Um nánari fjölda starfsmanna og bíla ákvarðast skv. ofanskráðu. Í verkföllum skal staðbundin gæsla ekki falla niður fyrr en almennt verkfall hefur staðið yfir í 20 daga samfelld.

---

## Samkomulag II [2004]

---

Þegar um ræstingar samfara gæslu er að ræða er samið um það sérstaklega við viðkomandi starfsmann. Gert er ráð fyrir að sérstakt álag sé greitt á þá tíma sem ræstingin tekur. Skal miðað við að álagið sé 30% sé um 2-4 tíma á hverri vakt að ræða, en 50% álag á hvern tíma sé ræstingin 5 tímar eða meira á hverri vakt.

